

56 arar beiðni með tilvísun til 26. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, og misserislega
11. sept. innheimtu hjá framfærslusveit telur hann óheimila og meðlagið fyrst gjaldkræft hjá henni er eins árs meðlag er fallið í gjalddaga. Með brjefi dags. 28. f. m. óskið þjer nú úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort þessi skilningur sýslumannsins er rjettur.

Í tilefni af þessu skal þetta tekið fram. Áður en nefnd lög nr. 46, 27. júní 1921 öðluðust gildi var gjalddagi meðlags barnsföður eftir á fyrir hvert umliðið ár, og í samræmi við það hafði barnsmóðir aðgang að dvalarsveit sinni fyrir meðlaginu að árinu liðnu og aðeins fyrir síðasta ársmeðlagi. Með 24. gr. nefndra laga er hinni eldri reglu breytt þannig, að meðlag með óskilgetnu barni skal gjalda fyrirfram fyrir hálf t ár í senn, en í 26. gr. sömu laga segir, að barnsmóðir hafi ekki heimild til að krefjast greiðslu fúlgunnar af dvalarsveit sinni nema fyrir eitt ár, en það virðist vera svo að skilja, að barnsmóðir hafi ekki aðgang að sveitinni fyrir meðlaginu fyr en ársfúlga er fallin í gjalddaga. Aðstaða barnsmóður er því þessi: hún getur krafist greiðslu meðlagsins af barnsföður misserislega fyrirfram samkvæmt 24. gr. laganna, en af sveitinni, samkvæmt 26. gr., aðeins ársfúlguna í einu að fyrri misseri meðlagsársins liðnu. Synjun sýslumannsins um innheimtuna nú þegar er því á rökum byggð.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

Meðlagsúrskurðurinn fylgir.

57 **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins**
13. sept. í Norður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dagsettu 23. f. m., og beiðni hneppsnefndarinnar í Fellahreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Meðalnesi að Birnufelli, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

58 **Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu-**
23. sept. **mannsins í Þingeyjarsýslu, um valdsvið sýslunefndar.**

Með brjefi dags. 27. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt ráðuneytinu frá því, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafi á síðasta aðalfundi